



Reykjavík, 23. janúar 2026

USK26010220

ERINDISBRÉF

Starfshópur Húsverndarsjóðs 2026

Ábyrgðarmaður:

Ábyrgðarmaður verkefnisins er formaður umhverfis- og skipulagsráðs.

Hlutverk:

Starfshópnum er falið að gera tillögu til umhverfis- og skipulagsráðs um styrkveitingu úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur. Til ráðstöfunar árið 2026 eru 7.000.000 kr.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Starfshópurinn skal starfa skv. gildandi *Reglum fyrir Húsverndarsjóð Reykjavíkur* og fylgja í hvívetna settum verkferlum vegna styrkveitinga. Við starf sitt skal hópurinn halda fundargerðir í samræmi við gegnsæja stjórnsýslu. Formaður starfshóps ber ábyrgð á að gögn vegna umsókna, styrkveitinga og athugasemdir við þær ásamt fundargerðum séu vistaðar í skjalavinnslukerfi. Hópurinn skal hafa samráð við önnur svið borgarinnar eftir því sem þörf krefur.

Starfshópurinn skipa:

- Óskar Örn Arnórsson (formaður), deild skipulagsmála, skrifstofu skipulags- og byggingarmála
- Sigrún Reynisdóttir, deild byggingarmála, skrifstofu skipulags- og byggingarmála
- Drífa Kristín Þrastardóttir, fulltrúi Borgarsögusafns
- Andrea Jóhanna Helgadóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagsráðs
- Kjartan Magnússon, fulltrúi umhverfis- og skipulagsráðs

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Óskar Örn Arnórsson er verkefnisstjóri og jafnframt formaður starfshópsins og skal hann sjá um að boða hópurinn til fundar. Óskar er jafnframt sá fulltrúi hópsins sem ber ábyrgð á eftirfylgni og að öll nauðsynleg gögn hafi borist umhverfis- og skipulagssviði áður en styrkir eru greiddir út, skv. reglum um hann sem vísað er til hér að ofan.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn tekur til starfa þegar umsóknarfrestur um styrki rennur út ár hvert og skilar tillögum til umhverfis- og skipulagsráðs ekki seinna en sex vikum síðar.

Starfshópurinn lýkur störfum þegar umhverfis- og skipulagsráð og borgarráð hafa endanlega afgreitt tillögur hans um styrkveitingar það árið.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið